

LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2015-2016

REKSTRARREIKNINGUR 2015



Skýrsla Landgræðslusjóðs til aðalfundar Skógræktarfélags Íslands árið 2016

Starfsár það sem senn er liðið markar nokkra sérstöðu í seinni tíma sögu Landgræðslusjóðs fyrir þá sök að stjórnarmennirnir Jón Loftsson f.v. skógræktarstjóri og Sveinn Runólfsson f.v. landgræðslustjóri létu báðir af störfum fyrir aldurs sakir og hurfu um leið úr stjórn sjóðsins. Jón um s.l. áramót og Sveinn í lok apríl s.l.. Eftirmenn þeirra tóku við sem stjórnarmenn, eins og skipulagsskrá Landgræðslusjóðs kveður á um. Jón Loftsson hafði setið í stjórn frá árinu 1990 og Sveinn Runólfsson frá árinu 1972, í 44 ár, lengur en nokkur annar einstaklingur allt frá stofnun sjóðsins. Hákon Bjarnason skógræktarstjóri átti áður lengstu stjórnarsetuna, eða 36 ár. Fyrir sjóðsins hönd færi ég þeim Jóni og Sveini kærar þakkir fyrir störf þeirra.

Stjórn Landgræðslusjóðs er þannig skipuð um þessar mundir að frá Skógræktarfélagi Íslands eru Magnús Gunnarsson, Þuríður Yngvadóttir og Guðbrandur Brynjúlfsson og svo Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri. Guðbrandur er formaður stjórnar og gegnir einnig framkvæmdastjórn fyrir sjóðinn. Sveinn Runólfsson var varaformaður, en ekki hefur verið kosið í hans stað ennþá. Frá seinasta aðalfundi Skógræktarfélags Íslands hafa verið haldnir 4 stjórnarfundir í sjóðnum.

Ársreikningur var færður af starfsmönnum útibús KPMG ehf í Borgarnesi.

Helztu lykiltölur úr reikningnum eru þær að rekstrartekjur voru 1,2 millj. kr. og rekstrargjöld 18 millj. Þar af voru styrkveitingar 15.6 milljónir, sem skiptist þannig að útgreiddir styrkir skv. skipulagsskrá voru 5.3 millj. og styrkir af arfi eftir Hjálmar og Else Bárðarson 10.3 millj.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru 44.3 millj. kr. og rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 27.5 millj. Eignir í árslok 2015 voru samtals að fjárhæð 384,4 millj og eigið fé 383,5 millj.

Tekjur fræbanka Landgræðslusjóðs voru fjármagnstekjur að fjárhæð kr. 591 þús. og eign í árslok var 4.9 millj. króna.

Að öðru leyti en hér greinir vísast til ársreikningsins, sem fylgir með fundargögnum.

Ávöxtun á fjármunum sjóðsins sem eru í eignastýringu hjá Arionbanka var afar góð á árinu 2015 og skilaði 14.65% nafnávöxtun. Verðbólga var lág og hækkaði neyzluvísitalan einungis um 2%, sem verður að teljast mjög lítið í sögulegum samanburði hér á landi. Eignasafnið samanstendur af ríkisverðbréum, hlutabréfum, einkum í hlutabréfasjóðum, öðrum skuldabréfum og lausafé. Stefna sjóðsstjórnar er að taka hóflega áhættu í vali á ávöxtunarleiðum.

Ég hef stundum sagt að fjármagnsmarkaðurinn á Íslandi sé líkur veðrinu hér á landi eins og það birtist í margbreytilegum tilbrigðum sínum, -stundum lítt fyrirsjáanlegt, sveiflukennt og öfgafullt. Það sem af er yfirstandandi ári hafa sveiflur verið miklar á fjármagnsmarkaðnum. Árið byrjaði ágætlega en á útmánuðum hófust „umhleyplingar“ sem staðið hafa síðan og verið algjör andstæða þeirrar rjómalíðu sem nær allir landsmenn hafa notið á þessu gjöfula sumri sem nú er að líða. Hinn blákaldi veruleiki er sá að ávöxtun það sem af er þessu ári er neikvæð. Okkur leikmönnum finnst þetta í æpandi mótsögn við þann uppgang sem almennt

er í efnahagslífi þjóðarinnar um þessar mundir. En ef til vill er ástæðan að hluta til sú að á s.l. ári var hækkun hlutabréfa sem mynda úrvalsvisitölu kauphallarinnar 45% og þess vegna um eðlilega leiðréttingu að ræða að hluta til, en það er einnig áleitinn spurning hvort spákaupmennska með hlutabréf valdi ekki miklu hér um. Það sem þó kemur ef til vill mest á óvart varðandi þennan markað í ár er að gengi ríkisskuldabréfa hefur þróast með líkum hætti og hlutabréfanna, en sveiflurnar þó verið minni.

Það er æði margt torskilið við þennan markað, eins og t.d. það að ákvörðun brezku þjóðarinnar um úrsögn úr Evrópubandalaginu, sem ekki verður að veruleika fyrr en eftir nokkur misseri, skuli valda niðursveiflu á gengi hlutabréfa hér uppi á Íslandi strax í kjölfar atkvæðagreiðslunnar.

Úthlutun styrkja í ár fór fram á stjórnarfundum þann 20. apríl s.l. Auglýst var eftir umsóknum í febrúar og alls bárust 31 styrkumsókn frá 23 héraðsskógræktarfélagum og ein frá Skógræktarfélagi Íslands. Ein umsókn barst að auki frá félagi um endurheimt Brimnesskóga í Skagafirði. Áður hafði sjóðnum borizt önnur umsókn frá Skógræktarfélagi Íslands og mun ég gera grein fyrir afgreiðslu á umsóknum félagsins síðar í skýrslunni. Samkvæmt skipulagsskrá Landgræðslusjóðs má úthluta árlega að hámarki 90% af raunvöxtum næst liðins árs að frádregnum reksturskostnaði. Að þessu sinni var heimilt að úthluta 30,8 millj. króna. Til afgreiðslu á nefndum stjórnarfundum komu umsóknir héraðsskógræktarfélaganna og félags um Brimnesskóga og reyndust þær allar gildar með hliðsjón af skipulagsskrá Landgræðslusjóðs og reglum um styrkúthlutanir og fengu því þessir umsækjendur úthlutað styrkjum, samtals að fjárhæð kr. 26.200.000.-

Á árinu 2002 hófst úthlutun styrkja skv. því fyrirkomulagi sem enn er við líði og hefur sjóðurinn nú samtals úthlutað styrkjum að fjárhæð 125 millj. kr. Stærstur hluti þeirra hefur runnið til héraðsskógræktarfélaganna, eins og skipulagsskrá Landgræðslusjóðs gerir ráð fyrir.

Aðrar styrkveitingar á árinu 2016 eru af arfinum eftir Hjálmar R. Bárðarson og Else konu hans. Ákveðið var að úthluta 10 milljónum króna til þeirra fjögurra sérvöldu landgræðsluskógasvæða sem notið hafa áður framlaga af arfinum. Samtals er þá búið að veita styrki af arfi Hjálmars og Else til þessara svæða að fjárhæð 58 millj. króna. Um s.l. áramót voru eftirstöðvar arfsins 13.3 millj. kr.

Þau svæði sem stjórn sjóðsins valdi á sínum tíma, og hér um ræðir, eru á Ássandi í Kelduhverfi, í Þjórsárdal, við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði og á Langahrygg í Mosfellsdal.

Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else Sörensen Bárðarson, sem til var stofnað af Landgræðslusjóði og Landgræðslu ríkisins með 20 millj. kr. stofnfé frá hvorum aðila af arfsfé frá þeim hjónum á árinu 2010 og starfa skyldi í 10 ár, veitti tvo styrki í ár til rannsóknaverkefna, en þau eru:

1. **Samræktun alaskaaspar og alaskalúpínu til framleiðslu iðnvíðar og bindingar kolefnis.** Verkefni þetta er undir stjórn Hreins Óskarssonar skógarvarðar á Suðurlandi.

Verkefnið hlaut 3 millj. kr. styrk.

2. Mat á langtímaárangri og kostnaði lúpínusáninga, sem er undir stjórn Guðmundar Halldórssonar sérfræðings hjá Landgræðslu ríkisins. Er þetta annað árið í röð sem verkefnið fær styrk. Styrkfjárhæð að þessu sinni er kr. 1.004.000.-

Afgreiðsla á styrkumsóknum frá Skógræktarfélagi Íslands.

Þann 11. febr. s.l. tók stjórn Landgræðslusjóðs fyrir umsókn frá SÍ um styrk að fjárhæð 3.5 millj. kr. til útgáfu bókar um samskipti og samstarf íslenskra og norzkra skógræktarféлага, sem hófst árið 1949, en lauk fyrir all mörgum árum, skiptiferðirnar svonefndu. Á fundinum kom fram efasemd um hæfi þeirra stjórnarmanna sjóðsins, sem jafnframt eru stjórnarmenn í SÍ, til að taka þátt í afgreiðslu erinda frá félaginu. Spunnust um þetta all miklar umræður og einnig hvort hugsanleg styrkveiting til útgáfu bókar af þessu tagi samrýmdist skipulagsskrá Landgræðslusjóðs og reglum sjóðsins um styrkúthlutanir. Samþykkt var að lokum að óska eftir álit lögmanns á hæfi fulltrúa SÍ í stjórn Landgræðslusjóðs til að taka þátt í afgreiðslu styrkumsókna frá félaginu og einnig hvort umbeðinn styrkur til bókarútgáfu samrýmdist reglum sjóðsins um styrkúthlutanir. Samþykkt var að leita til Gunnlaugs Claessen hrl. um að taka þetta að sér. Gunnlaugur varð góðfúslega við þeirri ósk og skilaði Landgræðslusjóði skýrslu eftir vandlega skoðun á þessu vafamáli og var niðurstaða hans sú að stjórnarmenn í Landgræðslusjóði, sem jafnframt eru stjórnarmenn í Skógræktarfélagi Íslands, séu vanhæfir til að fjalla um og afgreiða erindi frá félaginu. Ennfremur var það niðurstaða hans að styrkveiting til bókarútgáfu samrýmdist ekki skipulagsskrá sjóðsins og reglum um styrkúthlutanir.

Nú var oss vandi á höndum. Meirihluti stjórnar Landgræðslusjóðs er skipaður stjórnarmönnum í Skógræktarfélagi Íslands og stjórnin er því, skv. niðurstöðu Gunnlaugs, óstarfhæf í málum sem gera þrjá af fimm stjórnarmönnum vanhæfa til að taka þátt í afgreiðslu mála. Að munnlegu ráði Gunnlaugs óskaði stjórn Landgræðslusjóðs eftir því við stjórn SÍ að skipaðir yrðu þrír menn til bráðabirgðasetu í stjórn sjóðsins til að afgreiða fyrirbyggjandi umsóknir frá félaginu. Þessir menn mættu hvorki vera úr aðal- né varastjórn félagsins. Þetta var gert og var fundað í bráðabirgðastjórninni þann 9. júní s.l. og fyrir teknar þær tvær styrkumsóknir frá Skógræktarfélagi Íslands, sem fyrir lágu.

Fyrir utan styrkumsókn til bókarútgáfu var umsókn um styrk til framkvæmda í Vinaskógi á Þingvöllum. Niðurstaða þessa stjórnarfundar var sú að hafnað var umsókn um styrk til útgáfu nefndra bókar, en samþykkt að veita félaginu umbeðinn styrk að fjárhæð kr. 600.000.- vegna Vinaskógar á Þingvöllum.

Rétt er að geta þess að á umliðnum árum og áratugum hefur stjórn Landgræðslusjóðs afgreitt umsóknir frá SÍ um styrki og aðra fyrirgreiðslu og vangaveltur um hugsanlegt vanhæfi hafa ekki komið upp. En tímarnir og almenn viðhorf hafa breytzt og lög hafa verið sett hvað þessa hluti varðar. Fyrir liggur núna álit reynds og virts lögmanns og það væri fásinna, að mínu viti, að skella skollaeyrum við álit hans.

En það er þungt í vöfum fyrir Sí að þurfa í hvert sinn sem félagið æskir styrks úr Landgræðslusjóði að skipa sérstaka stjórnarmenn fyrir Landgræðslusjóð til þess eins að taka þátt í afgreiðslu slíkra mála. Áleitin spurning um þessar mundir er því sú hvort ekki sé rétt að taka skipulagsskrá Landgræðslusjóðs til endurskoðunar í ljósi breyttra viðhorfa, einkum og sér í lagi ákvæði um kjör stjórnar sjóðsins. Stjórn Landgræðslusjóðs og stjórn Skógræktarfélags Íslands verða að taka þetta mál til umfjöllunar og ályktunar á næstu mánuðum.

Að endingu vil ég, f.h. Landgræðslusjóðs, færa skógræktarfélagunum í landinu þakkir fyrir ánægjuleg samskipti á brátt liðnu starfsári, einnig stjórn og starfsfólki Skógræktarfélags Íslands, Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og öllum þeim öðrum sem sjóðurinn hefur haft samskipti við.

Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 2016 óska ég velfarnaðar.

Brúarlandi, Mýrum 20. ágúst 2016

Guðbrandur Brynjúlfsson

Landgræðslusjóður
Ársreikningur 2015

Númer í sjóðaskrá 1401

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8
Fylgiskjöl:	
1. Yfirlit um fræbanka	10

Skýrsla og áritun stjórnar

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur umfram gjöld á árinu 27,5 millj. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2015 samkvæmt efnahagsreikningi nam 383,5 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi meðferð hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Stjórnin er ólaunuð en vörsluaðili fær greidda þóknun og ökutækjastyrk til að mæta ferðakostnaði.

Stjórn sjóðsins staðfestir hér með ársreikning Landgræðslusjóðs yfir árið 2015 með undirritun sinni.


Reykjavík, *2014* 2016.

Í stjórn:



Guðbrandur Bynjúlíffson

kt. 300448-8019 Brúarlandi, 311 Borgarnes




Þróstur Eysteinnsson

kt. 230855-5019 Höfða, 701 Egilsstaðir




Magnús Gunnarsson

kt. 291050-4179 Lynghvammi 6, 220 Hafnarfjörður



Sveinn Runólfsson

kt. 280446-2549 Gunnarsholti, 851 Hella



Purrður Yngvadóttir

kt. 110652-4459 Reykjum, 270 Mosfellsbær

Vörsluaðili:

Guðbrandur Bynjúlíffson

Brúarlandi

311 Borgarnes

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landgræðslusjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landgræðslusjóðs fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Abyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Abyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2015, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, / 2016.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur:			
Styrkir og gjafir		29.500	5.000
Húsaleigutekjur		839.316	785.520
Tekjur af eignarhlutum		113.860	460.457
Aðrar tekjur		230.000	667.855
		<u>1.212.676</u>	<u>1.918.832</u>
Rekstrargjöld:			
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá		5.260.000	3.660.000
Aðrar styrkveitningar		10.370.377	12.396.689
Kostnaður vegna fasteigna	5	578.630	568.932
Annar kostnaður	6	1.841.249	1.652.415
		<u>18.050.256</u>	<u>18.278.036</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármagnsliði	(<u>16.837.580)</u>	<u>(16.359.204)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		6.487.253	152.654
Tekjur af verðbréfum og hlutabréfum		39.715.329	9.742.796
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(78.387)	(12.530)
Fjármagnstekjuskattur	(1.796.116)	(1.568.372)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>44.328.079</u>	<u>8.314.548</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	10	<u>27.490.499</u>	<u>(8.044.656)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
Eignir			
Fasteignir.....	2,7,8	31.809.500	29.893.000
Eignarhlutir í félögum.....	9	37.128.624	23.725.058
Verðbréfaeign.....	9	312.306.420	296.439.984
Fastafjármunir alls		<u>381.244.544</u>	<u>350.058.042</u>
Ýmsar skammtímakröfur		2.380.946	3.180.097
Handbært fé.....		777.232	956.418
Veltufjármunir alls		<u>3.158.178</u>	<u>4.136.515</u>
Eignir samtals		<u><u>384.402.722</u></u>	<u><u>354.194.557</u></u>
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur.....		383.471.597	354.064.598
Eigið fé samtals	10	<u>383.471.597</u>	<u>354.064.598</u>
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir.....		931.125	129.959
Skuldir samtals		<u>931.125</u>	<u>129.959</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>384.402.722</u></u>	<u><u>354.194.557</u></u>
Skuldbindingar utan efnahag	11		

Sjóðstreymisýfirlit árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins samkvæmt rekstrarreikningi	10	27.490.499	(8.044.656)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur verðbréfa		(38.351.599)	605.219
Veltufé frá rekstri		(10.861.100)	(7.439.437)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun		799.151	(2.657.000)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		801.166	(1.934.390)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		1.600.317	(4.591.390)
Handbært fé til rekstrar		(9.260.783)	(12.030.827)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Verðbréf, breyting		9.081.597	(5.417.259)
Fjárfestingarhreyfingar		9.081.597	(5.417.259)
Breyting á handbæru fé		(179.186)	(17.448.086)
Handbært fé í ársbyrjun		956.418	18.404.504
Handbært fé í árslok		777.232	956.418

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Landgræðslusjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Fastafjármunir

Fasteignir eru færðar til eignar á fasteignamati og er matsbreytingin færð yfir eigið fé. Afskriftir eru ekki reiknaðar.

3. Verðbréfaeign.

Sjóðurinn hefur gert samkomulag við Arion banka hf. um eignastýringu. Skráð verðbréf í eigu sjóðsins eru eignfærð á markaðsvirði í árslok. Skattur af fjármagnstekjum er gjaldfærður við greiðslu.

4. Hafnbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

Sundurliðanir

5. Kostnaður vegna fasteigna greinist þannig

	2015	2014
Viðhald og rekstur húsnæðis	155.417	144.638
Fasteignagjöld	397.169	357.155
Tryggingar	26.044	67.139
	<u>578.630</u>	<u>568.932</u>

6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig

Laun	400.000	275.000
Launatengd gjöld	73.255	53.426
Sími, burðargjöld og skrifstofuvörur	123.599	23.700
Ökutækjastyrkur	118.800	117.044
Eignarstýringar- og fjárvörslubóknun	629.360	523.364
Aðkeypt þjónusta	443.827	629.836
Annar kostnaður	52.408	30.045
	<u>1.841.249</u>	<u>1.652.415</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir:

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig

	Húseignir Reykjavík	Hrísakot Ingunnarstaðir	Langi-Botn	Samtals
Bókfært verð 1.1.2015.....	16.300.000	7.968.000	5.625.000	29.893.000
Breyting fasteignamats.....	1.850.000	(229.500)	296.000	1.916.500
Bókfært verð 31.12.2015.....	<u>18.150.000</u>	<u>7.738.500</u>	<u>5.921.000</u>	<u>31.809.500</u>

Skýringar, frh.:

8. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat mannvirkja nam samtals 26,2 millj. kr., hlunninda 1,2 millj. kr. og lóða 4,4 millj. kr. í árslok 2015. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samtals 54,1 millj. kr.

9. Verðbréf

Verðbréfaeign greinast þannig:

	2015	2014
Lán til Skógræktarfélags Íslands, óverðtryggt, 5% fastir vextir	34.792.188	66.468.750
Skráð verðbréf	277.514.232	229.971.234
Verðbréfaeign samtals 31.12.2015	<u>312.306.420</u>	<u>296.439.984</u>
Hlutabréf	37.128.624	23.725.058
Hlutabréf samtals 31.12.2015	<u>37.128.624</u>	<u>23.725.058</u>

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning

	2015	2014
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	354.064.598	355.965.004
Endurmat fasteigna sbr. skýring 7	1.916.500	6.144.250
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	27.490.499	(8.044.656)
Eiginfjárreikningur í árslok	<u>383.471.597</u>	<u>354.064.598</u>

11. Skuldbindingar

Landgræðslusjóður hefur samþykkt að styrkja ýmis skógræktarfélög í landinu og nemur skuldbinding vegna þessa 2,0 millj. kr. í árslok 2015. Styrkirnir verða gjaldfærðir og greiddir þegar styrkþegi hefur skilað inn til sjóðsins skriflegri greinargerð um framgang verkefnisins og kostnað.

12. Tengdir aðilar

Stjórn er skilgreind sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila, þar með talið Skógræktarfélag Íslands.

Landgræðslusjóður hefur átt viðskipti við tengda aðila. Sjóðurinn lánaði Skógræktarfélagi Íslands 87,5 millj.kr. í árslok 2011. Lánið er til 25 ára, óverðtryggt og ber fasta 5% vexti.

13. Önnur mál

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu Fræbanka Landgræðslusjóðs á árinu 2015. Landgræðslusjóður hefur umsjón með rekstri Fræbanka, en hlutverk hans er að fjármagna kaup á trjáfræum til skógræktar. Í árslok námu eignir Fræbankans 4,9 millj. kr., en þær eru ekki færðar í efnahagsreikningi Landgræðslusjóðs.

Rekstraryfirlit ársins 2015

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur og verðbætur.....	725.769
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(134.279)
	<u>591.490</u>

Rekstrarniðurstaða ársins 591.490

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir:

Verðbréfaeign.....	4.810.147
Bankainnstæður	<u>90.240</u>

Eignir samtals 4.900.387

Eigið fé:

Flutt frá fyrra ári	4.308.897
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>591.490</u>

Eigið fé samtals 4.900.387